

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 144/1994 um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar.

1. gr.

Eftirtaldir samhæfðir Evrópustaðlar um rafföng, sem notaðir eru á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar, bætast við viðauka I. Rafföng, sem þannig eru notuð, skulu vera í samræmi við þessa staðla.

Evrópustaðlar

Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning	
EN 50019	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: Aukið öryggi "e".	4. breyting 5. breyting	Október 1989 Ágúst 1990	
EN 50020	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: Sjálftrygg útfærsla "i".	3., 4. og 5. breyting	Maí 1990	
EN 50033	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: Hjálmluktir til notkunar í námum, þar sem eldfimt gas getur myndast.	2	Mars 1991	
EN 50039	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: Rafkerfi í sjálftryggri útfærslu "i".	1	Mars 1980	
EN 50050	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: Handverkfæri til rafsviðssprautunar.	1	Janúar 1986	
EN 50053	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: (1. hluti) Handbyssur með hámarksorku 0,24 mJ og fylgihlutir þeirra til rafsviðssprautunar á málningu.	1	Febrúar 1987(*)	
EN 50053	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: (2. hluti) Handbyssur með hámarksorku 5 mJ og fylgihlutir þeirra til rafsviðssprautunar á dufti.	1	Júní 1987(*)	
EN 50053	Rafföng sem notuð eru á sprengihættustöðum: (3. hluti) Handbyssur með hámarksorku 0,24 mJ eða 5 mJ og fylgihlutir þeirra til rafsviðssprautunar á ull.	1	Júní 1987(*)	

(*)Hér er einungis átt við þær greinar sem fjalla um smíði tækja sem eru tilgreind í stöðlunum EN 50053, 1. og 3. hluta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60/1979 og með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í X. kafla II. viðauka. Hún byggir á tilskipun ráðsins 82/130/EEB frá 15. febrúar 1982 um samræmingu laga aðildarríkja EES um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum í nánum þar sem eldfimt gas getur myndast, tilskipun ráðsins 76/117/EEB frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkja EES um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum og tilskipun ráðsins 79/196/EEB frá 6. febrúar 1979 um samræmingu laga aðildarríkja EES um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum, með þeim breytingum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 31/94 frá 15. desember 1994 og nr. 5/95 frá 27. janúar 1995 og með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 24. apríl 1995.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.